



FÉLAG SKÓGARBÆNDA  
Á NORÐURLANDI

## Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn í Gömlu gróðrarstöðinni á Akureyri, 10. janúar 2018 kl.14:30

Mætt voru : Baldvin Haraldsson, Birgir Steingrímsson gjaldkeri, Sigrún Þorsteinsdóttir varaformaður, Sigurlína Jóhannesdóttir formaður, Helga Bergsdóttir ritari. Valgerður Jónsdóttir sat einnig fundinn að beiðni formanns.

Dagskrá:

### 1. Aðalfundur FSN

Stjórnarmenn voru sammála um að halda fundinn 22. mars n.k. kl. 15:00 og að velja staðsetningu á eystri hluta félagssvæðisins. Sigurlína tekur að sér að finna fundarstað, og gekk hún í það strax á fundinum. (11. janúar var búið að staðfesta fundarhald við rekstraraðila Hótel Natur á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd)

Samþykkt að Helga verði ritari á fundinum en Lína finnur fundarstjóra.

Ákveðið að bjóða nýráðnum framkvæmdastjóra LSE, Hlyn Gauta Sigurðssyni og Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur sviðsstjóra skógaauðlindasviðs, til fundarins.

Fræðsluerindi ca 20 mín. - Valgerður Jónsdóttir, verkefnisstjóri fjölgunarefnis.

Athuga með að auglýsa fundinn í Sjónhorninu í Skagafirði, etv í útvarpi, og jafnvel hjá N4 á Akureyri, jafnframt með útgáfu á Björkinni, fésbók og á heimasíðu LSE.

### 2. Innheimta félagsgjalda

Innheimta hefur gengið þokkalega, en eiga þó nokkrir eftir að greiða og óvíst er um nokkra aðila sem ekki hafa greitt lengi. Helga sendi Birgi nýtt skjal með upplýsingum um skil til LSE.

### 3. Aðalfundur og síðasti stjórnarfundur LSE

Sigrún skýrði frá síðasta aðalfundi LSE sem haldinn var að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, einnig skýrði hún frá efni stjórnafundar LSE. Þar kom helst fram að aðildarfélög geta sótt um styrk til undirbúnings, vegna fyrirhugaðrar afurðastöðva. fjármundi þessir komi frá ríkinu. Fram kom að búið sé að veita einn styrk til slíkar verkefna. Stjórnin var sammála um að frekari upplýsinga væri þörf, t.d. vegna forms umsóknar, tímaramma, um styrkina og fjárhæðir hverju sinni, hvaða kröfur væru settar um styrkveitingu, framkvæmd og síðan eftirfylgni með fjármálum sem úthlutað væru. Sigrún aflar frekari upplýsinga um þetta.

### 4. Skógarganga 2018

Sigurlína athugar með staðsetningu á eystri hluta svæðisins, upp kom tillaga um dagsetningar 21. eða 28.júní

### 5. Aðalfundu LSE 2019

Félagið á að sjá um undirbúning aðalfundar LSE árið 2019, svo huga þarf að staðsetningu en síðasti fundur á félagssvæðinu var haldinn í Skagafirði, en stefnt er að því að halda fundinn í byrjun október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30